

Árið 2026, fimmtudaginn 3. september kl. 14:00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Steinari Þór Guðgeirssyni og Jóhannesi Albert Sævarssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 5/2026

Knattspyrnudeild Fylkis

gegn

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Steinar Þór Guðgeirsson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 12. ágúst 2026, þar sem áfrýjanda var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 100.000,- til KSÍ vegna vítaverðrar og hættulegrar háttsemi áhorfenda sem fólst í því að kasta plastflöskum og áldósum í leik Fylkis gegn Aftureldingu í Mjólklubikar karla þann 21. júlí 2026.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 17. ágúst sl. þar sem áfrýjandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ dags. 12. ágúst 2026 verði felldur úr gildi og Fylkir alfarið sýknað vegna framkvæmdar leiksins..

II

Með hinum kærða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var áfrýjanda gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 100.000,- vegna háttsemi áhorfenda sem fólst í því að kasta plastflöskum og áldósum í stúkunni. Í skýrslu eftirlitsmanns til aga- og úrskurðarnefndar er að finna eftirfarandi lýsingu:

„Fylkir er með stóran hóp af ungu fólki í sínum stuðningsmannahóp sem er staðsettur fyrir miðju vallar, (sem mér finnst skrítin staðsetning þar sem þau standa allan tímann og blokkera sýn úr stúkunni fyrir mikið af fólki), þetta gerir það að verkum að stuðningsmannahópur Aftureldingar er mjög nálægt Fylkishópnum. Á 63 mín hófst plastflösku og áldósakast á milli hópanna sem hefði getað slasað fólk illa, ég get ekki fullyrt um hvor hópurinn byrjaði, sá báða hópna kasta. Ég bað forráðamenn Fylkis um að bregðast

við sem þeir gerðu með tilmælum frá vallarþuli og gæslan var fljót á vettvang og tók sér stöðu í kringum hópana tvo, tek það fram að gæslan var á leiðinni þegar ég talaði við forráðamenn Fylkis. Ef svona "hópar" verða norm á íslenskum völlum, þá þarf að fara fram umræða um hvar þeir séu staðsettir og hvers konar gæsla þarf að vera til staðar. Vil líka tilkynna það að Fylkis hópurinn söng "drepum alla í Mosó" á 25 mín, þetta hefur ekkert með að styðja sitt lið."

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vísar til þess í hinum kærða úrskurði að sérhvert aðildarfélag beri hlutlæga ábyrgð á framkomu stuðningsmanna sinna og geti hlotið viðurlög vegna háttsemi þeirra í samræmi við lög og reglugerðir KSÍ. Aga- og úrskurðarnefnd vísar til þess í úrskurði sínum að það sé mat nefndarinnar að sú háttsemi að kasta dósum og flöskum inn í hóp áhorfenda sé bæði vítaverð og hættuleg í skilningi d-liðar gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Úrskurður nefndarinnar er þess efnis að Fylkir sæti sekt að fjárhæð kr. 100.000,- með vísan til þess að Fylkir bar ábyrgð á umgjörð leiksins og að þetta sé í annað sinn á keppnistímabilinu sem nefndin hefur fengið háttsemi stuðningsmanna Fylkis til athugunar.

Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í þeim undantekningartilvikum sem greinir í a til e liða gr. 17.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Samkvæmt b-lið gr. 17.2. er heimilt að skjóta úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,-. Á því kærán undir dómstólinn eins og atvikum er hér háttað.

III

Í áfrýjun er gerð sú krafa að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar verði felldur úr gildi og Fylkir alfarið sýknað vegna framkvæmdar leiksins. Áfrýjandi vísar til þess að málsatvik séu nokkuð ljós og að um miðbik síðari hálfleiks hafi að sögn eftirlitsmanns hafist plastflösku- og dósakast á milli stuðningsmannahópa Fylkis og Aftureldingar. Áfrýjandi kveður gæslu Fylkis hafa brugðist samstundis við og stöðvað það athæfi. Viðbragð starfsmanna félagsins hafi verið til fyrirmyndar hvað þetta varðar og ekki hafi orðið frekar af slíkum atburðum í leiknum þar sem gæslu hafi verið stýrt af festu allan leikinn.

Áfrýjandi vísar til þess að Fylkir hafi verið sektað um kr. 100.000,- en að Afturelding hafi fengið áminningu. Til þess er vísað að ekki sé mögulegt að greina hvor stuðningsmannahópurinn hafi hafið þessa ámælisverðu hegðun og engin gögn hafi verið lögð fram til að upplýsa það. Áfrýjandi vísar til þess að ekki sé mögulegt að koma í veg fyrir slíka hegðun fyrirfram og hafnar því að hegðunin sé svo ámælisverð að varði við d-lið gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Áfrýjandi kveður ómögulegt að skilja þá niðurstöðu að Fylkir sæti sekt en Afturelding sæti áminningu fyrir sömu hegðun. Byggir áfrýjandi á því að niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar sé í andstöðu við meginreglur íslensks réttar, s.s. jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og almennar meginreglur í íslensku réttarfari um samkvæmi í dómum og jafnræði. Byggt er á því að eftirlitsmaður KSÍ hafi sagt framkomu stuðningsmanna hafa verið „ófullnægjandi“ en ekki mjög slæma eða vítaverða líkt og skilyrði d-liðar gr. 13.9 segir til um. Kveður áfrýjandi fjarstæðukennt að uppfæra orð eftirlitsmanns sem var á staðnum án þess að frekari athugun fari fram á atvikum af hálfu aga- og úrskurðarnefnd eða KSÍ.

Áfrýjandi byggir á því að ítrekun komi ekki til álita í þessu máli líkt og hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar vísar til. Í því máli sem vísað var til hafi Fylkir verið sýknað auk þess sem mál það varðaði meint köll stuðningsmanna sem ekki var unnt að slá föstu að væru refsiverð samkvæmt lögum og reglum KSÍ. Að lokum kveður áfrýjandi eftirlitsmenn ekki hafa neitt um staðsetningu stuðningsmanna að segja og að orðfæri skýrslu eftirlitsmanns geti falið í sér fordóma gagnvart ungum stuðningsmönnum.

IV

Samkvæmt gr. 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd um þau atriði sem koma fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að aðilar hafi heimild til þess að gera skriflega athugasemd við brottvísun/athugasemd sem á í hlut hverju sinni og eftir atvikum leggja fram önnur gögn, sbr. gr. 6.4. Þá kemur fram í gr. 6.5 framangreindrar reglugerðar að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns skuli lögð til grundvallar niðurstöðu í agamálum en ef vafi leiki á atvikum sé m.a. heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga. Af framangreindu leiðir að meginreglan sé sú að aga- og úrskurðarnefnd beri að styðjast við skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns.

Samkvæmt skýrslu eftirlitsmanns frá leik Fylkis gegn Aftureldingu hófst plastflösku og áldósakast á milli stuðningsmannahópa liðanna á 63. mínútu leiksins, sem að sögn eftirlitsmanns „*hefði getað slasað fólk illa*“. Með vísan til gr. 6.5 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, sbr. einnig 40. gr. agareglu FIFA, ber að leggja þessa frásögn eftirlitsmanns til grundvallar í málinu.

Mál þetta varðar háttsemi stuðningsmanna Fylkis í umræddum leik. Að mati dómsins liggur fyrir að stuðningsmenn Fylkis gerst sekir um þá háttsemi sem eftirlitsmaður lýsir skilmerkilega í skýrslu sinni. Dómurinn telur ljóst að sú háttsemi að kasta dósum og flöskum að öðru fólki falli undir ákvæði d-liðar gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, enda sé hún bæði vítaverð og hættuleg. Samkvæmt gr. 5.10 laga KSÍ ber sérhvert aðildarfélag ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamann, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum vegna þessara aðila.

Með vísan til framangreinds er hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar, um sekt áfrýjanda að fjárhæð kr. 100.000,-, staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er staðfestur.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]